



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands Íslenskra sveitarfélaga


3. tbl. mars 2013



Meðal efnis:

Fundargerðir stjórnar	3
Ársfundur lánasjóðsins	4
Landsþing sambandsins	6
Fiskur – olía – orka	8
Fjármál sveitarfélaga	10
Sveitarstjórnarmenn eiga að hafa skoðanir á skólamálum	12

SKIPULAGSMÁL



Skipulagsuppráttur fyrir nýjan landspítala.

Samráðsfundur um skipulagsmál

Árlegur samráðsfundur Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga verður haldinn fimmtudaginn 11. og föstudaginn 12. apríl á Hótel Cabin, Borgartúni 32 í Reykjavík. Fundurinn er ætlaður kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaga í skipulagsmálum.

Meðal umræðuefna á fundinum verða:

1. ný skipulagsreglugerð,
2. frumvarp til náttúruverndarlaga
3. landsskipulagsstefna,
4. ný lög um menningarminjar
5. áskoranir í skipulagsmálum á höfuðborgarsvæðinu.

Þá verður kynning á stöðu skipulagsmála Mosfellsbæ og farin kynnisferð um sveitarfélagið

Fundurinn er þátttakendum að kostnaðarlausu en þeir þurfa að greiða sjálfir fyrir gistingu, kvöldverð á fimmtudegi og hádegisverð á föstudegi. Þátttakendur eru hvattir til að tryggja sér gistingu sem fyrst.

Dagskrá fundarins og skráningu má sjá á vef Skipulagsstofnunar.

SAMBANDIÐ

Fundargerðir stjórnar sambandsins

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga hefur tekið ákvörðun um að birta með fundargerðum sínum öll gögn sem lögð eru fram á fundum stjórnarinnar á opnum vef sambandsins og ekki falla undir persónuverndar- og höfundarréttarákvæði laga.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil þróun víða um heim að opna fyrir aðgang almennings að gagnasöfnum opinberra aðila með aukið lýðræði og gagnsæi að leiðarljósi. Ákvörðun stjórnarinnar er liður í því að auðvelda aðgengi sveitarstjórnarmanna, starfsmanna sveitarfélaga og almennings að þeim mikla fjölda gagna sem lögð eru fram á fundum stjórnar sambandsins. Þessi gögn fjalla um flest þau verkefni sem sveitarfélögin annast. Sveitarstjórnarmenn eiga að því að geta nýtt

sér þessi gögn í störfum sínum til hagsbóta fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra.

Um nokkurra ára skeið hafa fundargerðir verið aðgengilegar með fylgiskjöllum á lokuðum vef sem sveitarfélögin hafa haft aðgang að með notandanafni og lykilorði. Af þessu hefur verið nokkurt óhagræði – lykilorð hafa gleymst og sveitarstjórnarmenn ekki fengið upplýsingar um þau. Á undanförunum vikum hefur svo verið unnið að því leysa tæknilega þætti þess að birta fylgiskjölin á opnum vef með fyrirtækinu Onesystems á Íslandi þar sem ekki þarf að skrá sig inn með notandanafni og lykilorði. Nokkur vinna er eftir við að gera öll gögn virk með þeim fundargerðum sem eru á netinu.

Fundargerðir stjórnar sambandsins.

500. fundur

*Ár 1987, föstudaginn 20. mars kl. 14⁴⁵,
á loknum fundi með fulltrúum lands-
hlutasambandsanna, kom stjórn Sambands
Íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í
níðrahlymnum þess að Háaleituvæðing 11 í
Reykjavík.*

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Afkoma ársins 2012 í takt við væntingar

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2012 nam 816 m.kr. samanborið við 951 m.kr. árið 2011. Lækkun hagnaðar milli ára skýrist aðallega af minni vaxtatekjum vegna lækkunar á breytilegum útlánvöxtum sjóðsins sem og minni eins skiptis



Magnús B. Jónsson, formaður stjórnar LS, flytur skýrslu stjórnar á aðalfundinum 15. mars.

vaxtatekjum vegna fyrirfram uppgreiðslna lána.

Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útborguð langtímalán á árinu námu 5.000 m.kr. samanborið við 6.792 m.kr. árið áður.

Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og vanskil voru engin við undirritun þessa

ársreiknings. Sveitarfélögin bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, en hafa heimild í lögum til að veita sjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum. Í árslok voru 99% útlána sjóðsins til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með slíkt veð.

Eigið fé í árslok 2012 var 15.470 m.kr. á móti 15.129 m.kr. í árslok 2011. Vegið eiginfjárhlutfall var 64% í árslok 2012 og hækkar úr 58% frá árslokum 2011. Heildareignir sjóðsins í árslok 2012 voru 70.212 m.kr. samanborið við 72.362 m.kr. í árslok 2011.

Framtíðarhorfur

Gert er ráð fyrir að afkoma sjóðsins á árinu 2013 verði að mestu leyti í samræmi við afkomu ársins 2012. Sem fyrr verður allt kapp lagt á að tryggja láns hæfi sjóðsins og viðhalda því trausti sem fjárfestar hafa á skuldbindingum hans.

Lánasjóðurinn mun í meginatriðum starfa líkt og undanfarin ár þar sem stefnt hefur verið að eflingu á starfsemi hans og að nýta gott lánstraust sjóðsins til að útvega sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum.

Ársreikningur LS 2012.



Frá aðalfundi LS 2013. Dagur B. Eggertsson fundarstjóri ásamt Magnúsi B. Jónssyni formanni, Óttari Guðjónssyni framkvæmdastjóra og Guðjóni Bragasyni, ritara fundarins.

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnháttum

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti veitti Lánasjóði sveitarfélaga ohf. viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Í umsögn rannsóknarmiðstöðvarinnar kemur m.a. fram að skýr verkaskipting er milli stjórnar og framkvæmdastjóra og er starfað eftir samþykktum þar um. Þá er nefnt að til fyrirmyndar sé hversu virk stjórn LS er og að hún gefi sér góðan tíma til að fara yfir mikilvæg mál og er óhrædd við að afla gagna ef þurfa þykir.

Úttektina í heild má nálgast á vef lánasjóðsins.



FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI
Í STJÓRNARHÁTTUM



Nauðsynlegt að auka sveigjanleika

Á landsþingi sambandsins sem haldið var 15. mars sl. voru málefni grunnskólans ofarlega á baugi.

Halldór Halldórsson, formaður stjórnar sambandsins gerði m.a. kjaraviðræður við grunnskólakennara að umtalsefni í opunarávarpi sínu. Hann sagði það eindregna afstöðu sambandsins að það hentaði ekki nútíma skólastarfi að skipulag vinnu starfsmanna væri ákveðið í smáatriðum í miðlægum kjarasamningi. Nauðsynlegt væri að auka sveigjanleikann, færa daglegt skipulag og stjórn skólanna heim á vettvang þeirra og auka verkstjórnarvald skólastjórnaenda.

Halldór nefndi stöðu mála í Danmörku í málefnum grunnskólans, kjarasamningaviðræður og tengsl þeirra við nýja skólastefnu ríkisstjórnarinnar. Hann sagði ríkja mikla þverpólítíska samstöðu, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, um að ná fram

nauðsynlegum breytingum á vinnutíma kennara og kallaði eftir sambærilegum, opinberum pólitískum stuðningi sveitarstjórna og ríkisvalds við aðgerðir sem nauðsynlegar eru hérlandis ef takast á að innleiða menntastefnu stjórnvalda. Þá lýsti Halldór yfir ánægju með að ákveðinn samhljómur væri í orðum formanns Félags grunnskólakennara og afstöðu sambandsins um endurskoðun kennarastarfsins vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur á skólastarfi í grunnskóla á grundvelli menntastefnu um „skóla án aðgreiningar“. Undirritað var samkomulag milli sambandsins og KÍ vegna FG um endurnýjaða viðræðuáætlun samningaviðræðna sem felur m.a. í sér að mennta- og menningarmálaráðuneytið og Skólastjórnfélag Íslands ásamt samningsaðilum munu standa sameiginlega að greiningu á framkvæmd skólastefnunnar og þeim áhrifum sem hún hefur haft á skólastarf.

XXVII. landsþing

Gera þarf kröfur um bættan árangur

Claus Ørum Mogensen skrifstofustjóri hagdeildar KL var gestur landsþings sambandsins og í erindi sínu greindi hann frá þeirri stöðu sem upp er komin í viðræðum við kennarasamtökin þar í landi. Eftir margra mánaða samningaviðræður hefur þeim verið vísað til sáttasemjara en auk þess hefur KL boðað verkbann á störf kennara frá 1. apríl nk. og mun allt skólastarf falla niður frá þeim tíma. Ekki hefur áður verið gripið til þessa bragðs í Danmörku sem undirstrikar vel alvarleika stöðunnar.

Samstaða ríkis og sveitarfélaga

Claus sagði ríkja um það mikla samstöðu meðal sveitarstjórnarfólks að breyta þyrfti vinnutímaskilgreiningu í kjarasamningi kennara. Sú skoðun væri jafnframt studd af ríkisstjórn Danmerkur sem markað hefur skólastefnu til framtíðar undir heitinu: *Gør en god skole bedre – et fagligt løft af folkeskolen*. Hún felur m.a. í sér að nemendur fá fleiri vikulegar kennslustundir, kennarar verja meiri tíma með nemendum og vægi kennslu í móðurmáli og stærðfræði verður aukið. Í þessu skyni mun ríkisstjórnin verja einum milljarði danskra króna til símenntunar kennara fram til ársins 2020 auk þess sem kennsluráðgjafar verða ráðnir til þess að aðstoða við innleiðingu stefunnar um land allt. Til að stefna ríkis-

stjórnarinnar nái fram að ganga er að álitu KL óhjákvæmilegt að gera breytingar á kjarasamningi kennara.

Í máli Claus kom fram að alltof hátt hlutfall ungmenna útskrifist úr dönskum grunnskóla án þess að hafa grundvallar lestrar- og stærðfræðifærni og við svo búið verði ekki unað. Gera þurfi auknar kröfur um bættan árangur kerfisins og skilvirkni.

Margt af því sem Claus nefndi á sér beina samsvörun í íslenskum veruleika í dag bæði hvað snertir kjarasamninga kennara, færni nemenda við lok grunnskóla og kostnað við rekstur grunnskólans. Niðurstöður á læsi unglunga í Reykjavík hafa m.a. sýnt að um fjórðungur drengja virðist ekki geta lesið sér til gagns við lok grunnskóla og sífellt hærra hlutfall nemenda á Íslandi þarfnast sérkennslu eða stuðnings í námi.



SAMSTARFSSTOFNANIR

Fiskur – olía – orka

– hvert á arðurinn að renna – málþing um auðlindamál

Fimmtudaginn 14. mars sl. stóðu Samtök orkusveitarfélaga, Samtök sjávarútvegs-
sveitarfélaga og fjármála- og efnahags-
ráðuneytið fyrir málþingi á Grand hóteli í
Reykjavík undir yfirskriftinni: Fiskur – olía
– orka: Hvert ár arðurinn að renna?

Þátttaka á málþinginu var mjög góð en loka
þurfti fyrir skráningu degi fyrir en áætlað var

vegna mikillar ásóknar. Málþingið var tekið
upp og geta allir, sem hafa áhuga, nálgast
upptökur frá málþinginu inni á heimasíðu
Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka
sjávarútvegsveitarfélaga.

Hér að neðan má sjá nokkrar myndir sem
teknar voru á málþinginu.



BYGGÐAMÁL



Málþing um byggðamál og svæðasamvinnu

Þekkingaruppbygging í byggðamálum hefur verið þáttur í aðildarferli Íslands vegna ESB umsóknarinnar. Meðal annars hafa allir landshlutar átt þess kost að fara í námsferð til aðildarríkja til að kynna sér fyrirkomulag byggðamála. Evrópsk byggðamál byggja á áætlunargerð fyrir svæði. Beitt er aðferðum ramma- og árangursstjórnunar og sveitarfélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna.

Við getum lært margvíslegt af evrópskum byggðamálum, burtséð frá aðildarumsókninni, m.a. um svæðasamvinnu, aðferðir við áætlunargerð og samstarf við hagsmunaaðila um hana. Samband Íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir málþingi um námsferðirnar 14. mars 2013 með yfirskriftinni: „Hvers urðum við vísari og hvað gætum við til-einkað okkur“. Málþingið hafði skírskotun til dagskrár landsþings sambandsins sem var haldið daginn eftir. Svæðasamvinna sveitarfélaga er í brennidepli hér á landi og á landsþinginu voru ræddar áfanganiður-stöður nefndar sambandsins um þau mál.


Fluttar vour níu áhugaverðar kynningar á málþinginu sem spönnuðu sex lönd, allt frá uppbyggingu á ferðaþjónustu og námuvinnslu í Norður-Finnlandi og til þess hvernig eyðipörp í Baskalandi á N-Spáni hafa fengið nýtt líf. Áhugavert var að heyra hvernig sveitarfélög eru að vinna saman eftir svæðum að sameiginlegum þróunar- og uppbyggingarmarkmiðum og hvernig einstök sveitarfélög eru að nýta byggðasjóði ESB til umbóta í rekstri sínum og starfsemi. Flestir minntust á það hversu margt þeir hefðu fundið sameiginlegt með heimaslóðum, eins og t.d. hversu margt sé líkt með Akureyri og 23 þúsund manna sveitarfélaginu Ulricehamn í Suður-Svíþjóð sem setti sér það markmið að verða framsæknasta sveitarfélagið í Svíþjóð í þróunarverkefnum með tilstyrk evrópskra byggðasjóða og tókst að ná markmiði sínu.

Á heimasíðu sambandsins um byggðamál eru allar kynningarnar frá málþinginu og einnig skýrslur um ferðirnar og kynningar frá þeim.


Jákvæð þróun í fjármálum sveitarfélaga

Upplýsingar úr bráðabirgðauppgjöri úr útkomuspá og fjárhagsáætlunum fyrir árið 2012 og niðurstöður úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2013 (A-hluti) liggja nú fyrir.

Þegar þessar niðurstöður eru settar í samhengi við niðurstöður ársreikninga frá árunum 2008-2011 fæst ágætt yfirlit um hvert hefur stefnt í fjármálum sveitarfélaga á tímabilinu.



Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.



Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum.

FJÁRMÁL

Í grófum dráttum má segja að þróunin hafi í flestum megin atriðum verið í rétta átt þrátt fyrir mikinn samdrátt í tekjum sveitarfélaganna. Hagræðingaraðgerðir sem gripið var til strax og staðan var ljós hafa skilað sér í bættri afkomu sveitarfélaganna.


Fjárfestingar í sögulegu lágmarki

Það sem veldur þó ákveðnum áhyggjum er að fjárfestingar A-hluta sveitarfélaga eru enn í sögulegu lágmarki. Það hefur víðtæk áhrif út í samfélagið og einnig safnast upp

ákveðin fjárfestingarpörf sem fer vaxandi með ári hverju. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum hefur farið vaxandi áhersla hefur verið lögð á að greiða niður langtímalán sem styrkir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna til framtíðar.

Fjárhæðir eru reiknaðar til verðlags ársins 2012 miðað við vísitölu neysluverðs.

Ítarlegri umfjöllun um efnið birtist í fréttabréfum hag- og upplýsingasviðs sambandsins.



Hlutfall afborgana á móti langtímalánum



Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði og stjórnarmaður í sambandinu, til hægri, á landsþingi sambandsins hinn 15. mars sl.

Sveitarstjórnarmenn eiga að hafa skoðanir á skólamálum

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, gerði breytingar í skólastarfi að umræðuefni í ræðu sem hún flutti á landsþingi sambandsins þann 15. mars sl. Taldi hún ósanngjarnt þegar því væri haldið fram að sveitarstjórnarmenn hafi ekki vit á hinu eða þessu atriðinu af því að þeir væru ekki „fagmenn“ í viðkomandi grein. Sagði hún það rétt að sveitarstjórnarmenn væru fæstir fagmenn á öllum sviðum en þeir ættu að hafa skoðun á öllum þeim rekstrarþáttum sem lúta að starfsemi sveitarfélaganna og vera óhræddir við að tjá sig um þá.

„Það er hættulegt lýðræðinu ef við ætlum að láta embættismenn alfarið sjá um stefnumörkun, aðgerðir og úrlausnir á þeim

forsendum að við hin „höfum ekki vit“ á málaflokknum.

Það er athyglisvert að heyra um samstöðu ríkis og sveitarfélaga í Danmörku í þeirri deilu sem þar á sér stað um vinnutímaskilgreiningu kennarastarfsins, því „they can't succeed if we can't succeed“.

Það er auðvitað ekki skrytið þó að við, rétt eins og aðrar Norðurlandþjóðir, fylgjumst grannt með hverju fram vindur í Danmörku enda er þar stefnt á róttækar breytingar. Breytingar sem settar eru fram með það að markmiði að bæta skólana,“ sagði Aldís m.a.

Erindi Aldísar má finna á vef sambandsins.

ALÞJÓÐAMÁL

Kommunustýrslimir til Íslands

Í byrjun mars komu hingað til lands um 90 sveitarstjórnarmenn frá Færeyjum til þess að taka þátt í námskeiði á vegum Kommunusamskipan Føroya, sem er annað tveggja sambanda sveitarfélaga í Færeyjum. Aðild að sambandinu eiga sjö sveitarfélög: Þórshöfn, Klaksvík, Runavík, Tvøroyri, Fuglafjørður og Sandur.

Síðasti dagur námskeiðsins var skipulagður í samvinnu við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Fyrri hluta dagsins fluttu starfsmenn sambandsins fjögur erindi: Magnús Karel Hannesson sagði frá skipulagi og starfsemi sambandsins og sveitarstjórnarstiginu á Íslandi; Gunnlaugur Júlíusson flutti erindi um fjármál Íslenskra sveitarfélaga; Valgerður Ágústsdóttir fjallaði um málefni grunnskóla; og í erindi

Gyðu Hjartardóttur var farið yfir málefni félagsþjónustunnar og þá sérstaklega reynsluna af yfirfærslu málefna fatlaðs fólks og fyrirhugaða yfirfærslu á málaflokki aldraðs fólks.

Síðar sama dag skiptu Færeyingar liði og völdu á milli fjögurra heimsókna; í Garðabæ til að fræðast um skólafestuna þar, til Hafnarfjarðarhafnar til að fræðast um íslenskar hafnir, í Hitt húsið til að fræðast um starfsemina þar, ásamt kynningu á ungmennastarfi í Reykjavíkurborg, og að lokum var farið í heimsókn til annars vegar Hrafnistu og hins vegar Barnahúss.

Heimsóknir Færeyinga eru ávallt ánægjulegar og hafa báðar þjóðir gagn og gaman af þeim.



ALÞJÓÐAMÁL



Halldór Halldórsson gestur á þingi

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, sátu á dögnum ráðstefnu á vegum skoska sveitarfélagasambandsins COSLA og Þróunarstofnun skoskra sveitarfélaga. Þetta er stærsta árlega ráðstefna skoskra sveitarstjórnarmanna. Yfirskrift ráðstefnunnar var: „Today's Reality... Tomorrow's Vision“.

Aðalþema ráðstefnunnar var annars vegar velferðarþjónustan, boðaðar breytingar á henni og úrlausnarefni til framtíðar lítið í ljósi öldrunar íbúa og aukinna krafna. Hins vegar áhrif væntanlegrar þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands árið 2014 á stöðu sveitarfélaga.

Sveitarfélög á Bretlandseyjum hafa ekki eins sterka lagalega stöðu eins og á Norðurlöndunum. Lögformleg stjórnarskrá, sem tryggir tilvist sveitarfélaga, er t.d. ekki fyrir hendi. Skoskir sveitarstjórnarmenn



líta á þjóðaratkvæðagreiðsluna sem tækifæri til að styrkja stöðu skoskra sveitarfélaga, á hvorn veginn sem hún fer. Þess vegna bauð COSLA Halldóri Halldórssyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, og varaformanni hollenska sveitarfélagasambandsins, VNG, að taka þátt í pallborði á ráðstefnunni til að segja frá stöðu sveitarfélaga í þeirra löndum sem er mun sterkari en í Skotlandi.

Lýsing Halldórs á íslenska sveitarstjórnarstiginu vakti óskipta athygli þar sem

segja má að við búum við öfgar í öfuga átt miðað við skosk sveitarfélög sem eru þau stærstu í Evrópu með yfir 160 þús. íbúa að meðaltali og búa við töluverða miðstýringu. Skoska ríkisstjórnin íhugar nú að fækka sveitarfélögunum enn frekar eða úr 32 í 16 í hagræðingarskyni. Skoskum sveitarstjórnarmönnum finnst þeir standa berskjaldaðir gagnvart slíkum hugmyndum þar sem sveitarfélög njóta ekki stjórnskipunarlegrar verndar.



Nýir starfsmenn á skrifstofu sambandsins



**Klara Eiríka
Finnbogadóttir**

Klara hóf störf á skrifstofu sambandsins þann 1. nóvember 2012.

Klara starfar ásamt skólamálafulltrúa sambandsins og skólamálanefnd að margþættum og síbreytilegum verkefnum sem einkum varða leik-, grunn- og tónlistarskóla, og vinna að hagsmunagæslu fyrir hönd sveitarfélaga á þeim sviðum. Þá hefur hún einnig umsjón með endurmenntunarsjóðum kennara og málefnum leikskóla.



**Bjarni Ómar
Haraldsson**

Bjarni Ómar hóf störf á skrifstofu sambandsins þann 1. ágúst 2012.

Bjarni Ómar sinnir ráðgjöf í kjarasamningum kennara til skólastjóra og stjórnenda sveitarfélaga. Einnig tekur hann þátt í kjaraviðræðum og kjarasamningagerð.



**Kolbrún Erna
Magnúsdóttir**

Kolbrún hóf störf á skrifstofu sambandsins þann 5. mars 2013.

Kolbrún hefur umsjón með skjalamálum og skjalasafni sambandsins og samstarfsstofnana þess. Auk þess aðstoðar hún aðra starfsmenn sambandsins við stofnun mála, vistun þeirra í skjalasafni eða í mála- og skjalakerfi sambandsins og lokar málum þegar þeim er lokið.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2013/07

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi sem heimildir er getið.*